

# Umf. Samherjar - Aldursflokkamót 2015

Sunnudaginn 15. nóvember heldur Ungmennafélagið Samherjar aldursflokkamót í borðtennis í íþróttahúsinu að Hrafnagili. Mótið er innan aldursflokkamótaraðar BTÍ og hefst klukkan 9:30.

Keppt verður í einliðaleik í 4 aldursflokkum.

kl. 9:30 Einliðaleikur hnokkar f. 2005 og yngri

kl. 9:30 Einliðaleikur tátur f. 2005 og yngri

kl. 9:45 Einliðaleikur piltar f. 2003 -2004

kl. 9:45 Einliðaleikur telpur f. 2003 -2004

kl. 10:30 Einliðaleikur sveinar f. 2001-2002

kl. 10:30 Einliðaleikur meyjar f. 2001-2002

kl. 10:30 Einliðaleikur drengja f. 1998-2000

kl. 10:30 Einliðaleikur stúlkna f. 1998 -2000

Skráningarfrestur er til 18:00 laugardaginn 14. nóvember og skal kennitala fylgja skráningu. Þátttökugjald er 600 krónur.

Skráningar sendist á netfangið [sigeiriks@gmail.com](mailto:sigeiriks@gmail.com) eða [olafur96@gmail.com](mailto:olafur96@gmail.com).

Leikið verður með hvítum þriggja stjörnu Butterfly keppiskúlum.

Leiknar verða 3 -5 lotur eftir riðlafyrirkomulagi þar sem 2 efstu komast áfram, eftir það verður leikið með útsláttarfyrirkomulagi. Raðað verður eftir styrkleikalista BTÍ.

Verðlaun eru veitt fyrir fjögur efstu sæti í öllum flokkum og verðlaun verða afhent að lokinni keppni.

Aðeins er hægt að leika í einum aldursflokki.

Mótstjóri verður Sigurður Ingi Friðleifsson en yfirdómari verður kynntur síðar.

## **Æfingabúðir:**

Í tengslum við mótið verða æfingabúðir fyrir börn og unglinga á sama stað laugardaginn 14. nóv. Ekkert þátttökugjald er í æfingabúðirnar og engrar skráningar er þörf. Mögulega verður dagskrá þeirra kynnt betur þegar nær dregur ☺.

## **Gisting.**

Umf. Samherjar bjóða upp á gistingu í skólastofum fyrir þá sem það vilja. Gistingin kostar 1.400 krónur á mann yfir helgina og gestir verða að taka viðlegubúnað með sér. Mögulegt verður að komast í ísskápa en engin verslun er á Hrafnagili sem er ca. 10 km framan Akureyrar.

Þeir sem hyggjast nýta sér gistinguna eru beðnir að láta undirritaðan vita í síðasta lagi miðvikudaginn 11. nóvember.

Frekari upplýsingar um mót, æfingabúðir eða gistingu veitir undirritaður fúslega ef eftir því er leitað í síma 821-3240 eða með tölvupósti á [sigeiriks@gmail.com](mailto:sigeiriks@gmail.com).

Hlökkum til að fá ykkur í heimsókn.

Umf. Samherjar